

Ég held ég sé fæddur undir happastjörnu

Víkingur Heiðar Ólafsson er 22 ára píanóleikari. Hann er enn í námi, en langt er síðan gagnrýnendur fóru að tala um hann sem fullburða listamann. Hann hefur verið óvenjubráðþroska í listinni.

Eftir Bergþóru Jónsdóttur
begga@mbl.is

„PÍANÓLEIKARI á heimsmælikvarða,“ var fyrirsögn forsíðufréttar í Morgunblaðinu í gær, og með henni vísað í orð Jónasar Sen gagnrýnenda að loknum tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands á fimmtudagskvöld. Píanóleikarinn var Víkingur Heiðar Ólafsson, en hann lék þriðja píanókonsert Beethovens með hljómsveitinni.

„Óaðfínanleg frammistaða, mögnuð túlkun,“ var ennfremur haft eftir Jónasi.

Þegar blaðamaður hringdi í Víking í gærmorgun, fyrir klukkan tíu, var auðheyrilega slökkt á síma hans. Jú, ekki skrýtið að maðurinn þyrfti að hvílast eftir glímu kvöldsins. En við nánari eftirgrennslan kom annað á daginn. Víkingur Heiðar var staddur í Háskólabíói, þar sem hann lék nú þátt úr Beethovenkonsertinum fyrir fullt hús unglunga. Hvernig var það hægt að spila aðra tónleika strax að morgni? Nú var ekki um annað að ræða en að gerast boðflenna og flengjast vestur í bíó og reyna að ná tali af víkingnum þar. Það var spennit þögn meðal áheyrenda sem flestir voru varla nema örfáum árum yngri en einleikarinn, meðan tónstigar og trillur fylltu salinn. Háskólabíó er ekki vant að hljóma svona.

Við grípum hann glóðvolgan um leið og hann er kominn niðri kjallara baksviðs eftir fagnaðaróp og klapp menntskælinganna í salnum.

„Úff, þetta var miklu erfiðara en í gærkvöldi,“ segir Víkingur Heiðar Ólafsson, um leið og hann vindur sér inn í einleikaragerbergið. „Það verður svo rosalegt spennufall eftir að hafa spilað heilan konsert.“ Ég spyr hann hvort hann hafi kíkt í Moggann, og hann var búinn að því.

„Maður roðnar nú bara. Það er altaf gaman að fá hrós, þótt maður eigi sem listamaður að vera óháður því sem sagt er. Það jákvætt og hvetjandi að fá hvort sem er gagnrýni sem hefur góðan kjarna í sér eða hrós sem gefur manni byr undir báða vængi.“

Hvaða augum líturðu gagnrýni? Hefur hún áhrif á þig?

„Það er misjafnt og veltur á ýmsu. Ef ég skynja að gagnrýnandinn er heiðarlegur, ber fram góð rök og er hreinskilinn og ef gagnrýnin er áreynslulaus, hvorki tilgerðarlega neikvæð eða jákvæð, þá er getur maður lært mikið af henni. Gagnrýni er flókin. Góðir gagnrýnendur hafa það á valdi sínu að vera hlutlægir og standa sjálfir utan við viðfangsefnið. Ég hef lært mikið af gagnrýni og hún hefur verið góð fyrir mig.“

Ég held að margir hljóti að velja því fyrir sér eftir tónleikana hvað þú sért að gera hér, og hvers vegna þú sért ekki úti í löndum að sigrá heiminn. Hvað ertu að gera?

„Ég er búinn að vera í fjögur ár í New York og var að klára bachelor-gráðu frá Juilliard tónlistarskólanum. Ég ákvað að vera þar áfram, því ég kemst að hjá kennara sem mig hefur lengi langað að komast til. Hann heitir Robert McDonald, er með sterkasta nemendahópinn í skólanum, og er mjög fær í akkúrat því sem mig langar að vinna í. Hann er með mjög flottar tónmyndunar- og litapælingar og er ótrúlega góður tæknikennari. Slíkir kennarar eru vandfundnir. En svo er hann líka hlý manneskja. Laugardaginn áður en ég kom heim, hringdi hann í mig og bauð mér aukatíma. Það urðu fljórur klukkutímar á sunnudegi heima hjá honum, þar sem ég sat bara og spilaði. Mér fannst ég standa mig mjög vel, en hann finnur alltaf hæðina fyrir ofan. Það er

„Ég er búinn að vera í fjögur ár í New York og var að klára bachelor-gráðu frá Juilliard tónlistarskólanum. Ég ákvað að vera þar áfram, því ég kemst að hjá kennara sem mig hefur lengi langað að komast til. Hann heitir Robert McDonald, er með sterkasta nemendahópinn í skólanum, og er mjög fær í akkúrat því sem mig langar að vinna í. Hann er með mjög flottar tónmyndunar- og litapælingar og er ótrúlega góður tæknikennari. Slíkir kennarar eru vandfundnir. En svo er hann líka hlý manneskja. Laugardaginn áður en ég kom heim, hringdi hann í mig og bauð mér aukatíma. Það urðu fljórur klukkutímar á sunnudegi heima hjá honum, þar sem ég sat bara og spilaði. Mér fannst ég standa mig mjög vel, en hann finnur alltaf hæðina fyrir ofan. Það er

„Ég er búinn að vera í fjögur ár í New York og var að klára bachelor-gráðu frá Juilliard tónlistarskólanum. Ég ákvað að vera þar áfram, því ég kemst að hjá kennara sem mig hefur lengi langað að komast til. Hann heitir Robert McDonald, er með sterkasta nemendahópinn í skólanum, og er mjög fær í akkúrat því sem mig langar að vinna í. Hann er með mjög flottar tónmyndunar- og litapælingar og er ótrúlega góður tæknikennari. Slíkir kennarar eru vandfundnir. En svo er hann líka hlý manneskja. Laugardaginn áður en ég kom heim, hringdi hann í mig og bauð mér aukatíma. Það urðu fljórur klukkutímar á sunnudegi heima hjá honum, þar sem ég sat bara og spilaði. Mér fannst ég standa mig mjög vel, en hann finnur alltaf hæðina fyrir ofan. Það er

„Ég er búinn að vera í fjögur ár í New York og var að klára bachelor-gráðu frá Juilliard tónlistarskólanum. Ég ákvað að vera þar áfram, því ég kemst að hjá kennara sem mig hefur lengi langað að komast til. Hann heitir Robert McDonald, er með sterkasta nemendahópinn í skólanum, og er mjög fær í akkúrat því sem mig langar að vinna í. Hann er með mjög flottar tónmyndunar- og litapælingar og er ótrúlega góður tæknikennari. Slíkir kennarar eru vandfundnir. En svo er hann líka hlý manneskja. Laugardaginn áður en ég kom heim, hringdi hann í mig og bauð mér aukatíma. Það urðu fljórur klukkutímar á sunnudegi heima hjá honum, þar sem ég sat bara og spilaði. Mér fannst ég standa mig mjög vel, en hann finnur alltaf hæðina fyrir ofan. Það er

„Ég er búinn að vera í fjögur ár í New York og var að klára bachelor-gráðu frá Juilliard tónlistarskólanum. Ég ákvað að vera þar áfram, því ég kemst að hjá kennara sem mig hefur lengi langað að komast til. Hann heitir Robert McDonald, er með sterkasta nemendahópinn í skólanum, og er mjög fær í akkúrat því sem mig langar að vinna í. Hann er með mjög flottar tónmyndunar- og litapælingar og er ótrúlega góður tæknikennari. Slíkir kennarar eru vandfundnir. En svo er hann líka hlý manneskja. Laugardaginn áður en ég kom heim, hringdi hann í mig og bauð mér aukatíma. Það urðu fljórur klukkutímar á sunnudegi heima hjá honum, þar sem ég sat bara og spilaði. Mér fannst ég standa mig mjög vel, en hann finnur alltaf hæðina fyrir ofan. Það er

„Ég er búinn að vera í fjögur ár í New York og var að klára bachelor-gráðu frá Juilliard tónlistarskólanum. Ég ákvað að vera þar áfram, því ég kemst að hjá kennara sem mig hefur lengi langað að komast til. Hann heitir Robert McDonald, er með sterkasta nemendahópinn í skólanum, og er mjög fær í akkúrat því sem mig langar að vinna í. Hann er með mjög flottar tónmyndunar- og litapælingar og er ótrúlega góður tæknikennari. Slíkir kennarar eru vandfundnir. En svo er hann líka hlý manneskja. Laugardaginn áður en ég kom heim, hringdi hann í mig og bauð mér aukatíma. Það urðu fljórur klukkutímar á sunnudegi heima hjá honum, þar sem ég sat bara og spilaði. Mér fannst ég standa mig mjög vel, en hann finnur alltaf hæðina fyrir ofan. Það er

sama hvað maður gerir, hann sér alltaf næsta áfanga og er tilbúinn að leiða mann lengra. Þess vegna vildi ég vera áfram í tvö ár í ströngu námi hjá þessum mikla meistara. Ég er líka heppinn í skólanum, kominn inn í allt. Ég er að spila fyrir marga kennara og vinna með besta fólkinu. Ég fæ mjög mikið út úr skólanum og hef gott aðgengi að öllu því sem ég þarf og fæ góð tækifæri. Þarna eru mjög frægir gestaprófessorar og svo rosalega margt sem maður getur lært af og nýtt sér. Það er hægt að vera í svona skóla og vera bara í meðalfarinu, en það er líka hægt að vera opinn og ákveðinn og sækja sér það sem maður vill. Ég gæti ekki verið ánægðari með hvernig málin hafa þróast hjá mér, og á síðustu tveimur mánuðum hef ég verið að breyta miklu í því hvernig ég spila. Ég hef verið í alls konar tæknipælingum, djúpum og skemmtilegum, og hef verið að skipta um ásláttartækni, og það er kannski ekki heppilegt að gera það á sama tíma og maður er að spila mikið opinberlega. En ég varð að taka þá áhættu. Maður má samt ekki hugsa um tækni meðan maður er að spila, þá er það bara tónlistin sem kemst að og maður verður að flæða í henni. En ég var búinn að vinna brjálæðislega í þessu og kennarinn minn sagði að ég væri tilbúinn í slaginn.“ Það eru ekki nema þrjár vikur síðan Víkingur Heiðar frumflutti með Caput píanókonsert eftir Snorra Sigfús Birgisson. Þá skrifaði Ríkarður Örn Pálsson: „...Víkingur Heiðar léði viðamiklum einleikum þá glansmiklu snerpu og skáldlegu dýpt sem sannur virtúós getur frekast lagt til málanna.“ Víkingur lék líka með Guðrúnu Jóhönnu Ólafsdóttur fyrir skömmu á tónleikum í Salnum. Maður hlýtur að velta því fyrir sér hvernig þetta er hægt.

„Já,“ segir Víkingur hugsandi, „ég velti því stundum fyrir mér sjálfur. Best að hugsa ekkert of mikið um það. Ég er í rútinu, kem oft fram og þekki mig hvernig ég er undir álagi. Ég vinn vel undir pressu og hef mjög gaman af að spila á píanóið. Ég æfi eins og margir myndu kalla fáránlega mikið, og er búinn að gera það í mjög langan tíma. Ég er búinn að æfa mig mjög massíft í mjög mörg ár. Eftir því sem ég geri þetta lengur og er búinn að læra 12 eða 13 konserta sem ég get spilað, þá er þetta kannski ekki auðveldara, en hins vegar geranlegra. Maður lærir að skipuleggja sig og kemur sér upp tækni við að vinna. Stundum þarf maður líka bara að trúá að það besta gerist, og þegar maður veit að maður hefur unnið fyrir því, er auðveldara að líða vel undir álagi. En ég þarf auðvitað líka að leita í bækur og útiveru og svo nýt ég þess að vera með kærustunni minni. Maður verður finna jafnvægið, maður gæti orðið þunglyndur af því að vinna of mikið.“

Hvað æfirðu þig mikið?

„Ætli ég spili ekki í um sex tíma á dag. En það tekur miklu lengri tíma en nákvæmlega það, því maður þarf að hvíla bæði hugann og líkamann á milli. Ef ég æfi mig í fjóra tíma án þess að stoppa, þá fer síðasti klukkutíminn svolítið fyrir bí, af því að einbeitingin er ekki jafn mikil. Maður þarf mikið að hugsa. Það er ekki nóg að hreyfa fingurna. Þetta verður aldrei eins og að fara á hlaupabretti í klukkutíma, því maður þarf að hugsa um hverja einustu hreyfingu, hendingamótunina og allt það. Þessi sex tíma spilamennska tekur mig því allan daginn. Þetta er bara svo helvíti gaman að ég kvarta ekki.“

Píanókonsertarnir sem Víkingur Heiðar hefur á takteinum voru síðast þegar hann taldi, orðnir fimmtán. Þar eru tveir Bartók konsertar, sem hann hefur ekki enn spilað á tónleikum, Stravinskíj, Sjostakovítsj, Gershwin, Ravel, Prokofíjev, Jón Nordal, Snorri Sigfús, tveir Mozartkonsertar, Grieg, Tsjaikovskíj, annar konsert Chopins og núna þriðji píanókonsert Beethovens. „Er ég ekki að gleyma einhverju?“ spyr hann, eins og honum finnst eitthvað mikið vanta. „Æ, svo er ýmislegt sem maður er að spila, en kann kannski ekki alveg ennþá - ekki búinn að fullklára.“

Tal okkar berst að tækninni og ég er forvitin að vita hvernig Víkingur nær svona miklum og þéttum hljómi úr flyglinum í Háskólabíói, í sal sem er þekktur að því að kæfa og gleypa hljóm í stað þess að bera hann fallega til áheyrenda. Hann kveðst heppinn að hafa fengið svo mörg tækifæri til að spila í bíóinu, því það taki tíma að læra á hljómburðinn og plata hann. Og nýja ásláttartæknin skiptir líka máli.

„Það hljómar ekki allt eins á sviðinu hjá mér og það gerir út í sal. Maður þarf að beita ýmsum ráðum og ég er smám saman að læra betur hvernig ég hljóma út í sal. Ég get ekki beðið eftir að fá að spila í nýja tónlistarhúsinu, og hlakka mjög til. Þegar maður er vanur því að spila í sal eins og Háskólabíói, þá er svo miklu léttara að spila góðum sölum.“ Víkingur nefnir enn eitt atriði sem skiptir máli upp á að tónlistin berist vel, og það er að spila mjög rytmískt. „Það hjálpar mikið hafa rytma mjög skýran og nákvæman. Maður þarf að hafa mikla festu, og hafa það algjörlega á hreinu hvar maður ætlar að gefa sér smá svigrúm í rytmanum og hvar ekki. Ég er búinn að vera að vinna í þessu með kennaranum mínum. Þetta er nú eitt af því sem heillar mig svo í performans. Þar er ekki bara tóninn, áslátturinn og liturinn, heldur líka þetta tímaflæði.“

Það vekur ógnarhlátur hjá viðmælanda mínum þegar ég spyr hann hvort hann spili virkilega aldrei feilnótur. „Jú,“ segir hann og hlær meira. En ég er nú samt viss um að þær eru mun færri en gengur og gerist. „Í gömlu tækninni var ég farinn að geta spilað nánast feilnótulaust eftir mikla æfingu, en ég var ekki alltaf nógu flæðandi. Kannski of upptekinn við að koma mér fyrirfram á rétta nótu áður en hún var spiluð. Í nýju tækninni er meira flæði, Manni getur liðið svolítið eins og maður sé í línudansi og hafi ekkert öryggisnet undir sér, en ávinningurinn í músikölsku flæði og litbrigðum er ótvíræður - maður tekur miklu meiri sjensa, en... rangar nótur eða ekki...ef maður æfir sig vel skiptir engu máli þótt það komi nokkrar rangar nótur. Þegar maður er að spila, og það klikkar eitthvað sem hefur aldrei klikkað áður, þá er svo auðvelt að festa sig í pirringi og að fara að hugsa um atvikið. Fyrir bragðið hljóma næstu tíu taktar kannski ekki eins vel og þeir ættu að gera. En ég er búinn að læra að elska feilnótturnar næstum jafn mikið og þær réttu og læt þær ekki trufla mig. Þetta sker úr um það hvort maður er nemandi eða eitthvað annað. Miklir listamenn myndu aldrei leyfa sér að fara í kleinu útaf feilnótum.“

En þegar allt annað virðist í svo fullkomnu lagi, þá tekur maður enn betur eftir því, að ekki er slegin ein einasta röng nóta.

„Reyndar er það rétt, en það er auðvitað brjáluð þjálfun að baki, og ég get ekki sagt þér hvað ég er búin að æfa þennan Beethovenkonsert mikið.“

Geturðu lýst því ferli - hvenær byrjaðirðu að æfa hann?

„Ég fór að æfa hann af alvöru fyrir um hálfu ári, fyrst af og til, og koma honum stundum alveg á suðupunkt, en hvíla mig svo kannski eina tvær vikur inn á milli. Síðustu þrjár vikurnar er ég þó búinn að vera í honum á fullu.“

Þú segir „af alvöru“, - hvenær byrjaðirðu fyrst að kíkja á hann?

„Ég var svona þrettán-fjórtán ára. En þá spilaði ég bara fyrsta kaflann ég réð ekkert við hina. Mér fannst hann skemmtilegur, en áttaði mig ekkert þá á dýpt hans. Þegar ég var beðinn að spila hann núna fannst mér hann miklu erfiðari en mér fannst hann í þá daga, og miklu fleiri víddir í honum og möguleikar. En ferlið er þannig að maður fer í gegnum ýmsa túlkunarmöguleika, og ef ég hefði flutt hann fyrir þrem mánuðum hefði hann hljómað allt öðru vísi. Ég þarf langan tíma til að melta verk með mér, þannig að hver einasta nóta sé sprottin upp úr mínum tilfinningum. Það væri vanvirðing hjá manni að halda að maður kæmist einhvers staðar nálægt sálarviddum þessara miklu tónskálda á skömmum tíma, - ég get það alla vega ekki.“

Það sem þú segir, að glíman hafi verið erfiðari nú en þegar þú varst þrettán ára hlýtur að fela í sér að þú hafir tekið út heilmikinn listmannsþroska síðan þá.

„Já, það vona ég. Beethoven er svo magnaður. Innri spenna hans endurspeglast svo rosalega í músíkinni, og miklu meira en hjá öðrum tónskáldum.“

Ég verð að fá nánari útskýringu á þessu.

„Hann var svo rosalega flókinn maður. Þessi konsert var saminn skömmu upp úr 1800 þegar hann var farinn að gera sér grein fyrir því að hann yrði væntanlega heyrnarlaus, og farinn að örvænta um það. Allar fallegu laglínurnar sem geta virkað einfaldar við fyrstu sýn er ekkert einfaldar við nánri kynni. Þær eru yfirleitt fullar af innri spennu og rosalegri togstreitu. Maður upplifir allar þjáningar mannkynsins í þessari tónlist hún er svo mannleg. En þótt hann sé svona mikil manneskja, er hann á sama tíma svo mikill andi, og svo upphafinn. Samblandan af þessu tvennur er svo sérstök. Músíkin er svo ströng og rytminn strangur, en á sama tíma er hún svo frjáls, og einhvern veginn miklu frjálsari en hjá til dæmis Mozart. Beethoven er byltingarsinni og það er mikil ólga í honum. Til að geta spilað þessa tónlist þarf maður að ganga í gegnum þetta ástand með honum. En maður er líka alveg búinn eftirá. Þetta var þrekraun fyrir mig.“

Nú er komið að framtíðinni, og Víkingur upplýsir að næstu skref séu að brýna keppnisandann og reyna fyrir sér í alvöru keppni. Þær eru margar.

„Það er ekki hægt að fara í keppni fyrr en maður er búinn að finna sig sem listamann eða alla vega kominn nær því. Ég held ég hefði ekki átt neitt erindi í keppni fyrr. Keppnir eru flókið fyrirbæri en mér finnst þær ekki mjög skemmtilegt form. Í dómnefndum eru yfirleitt píanókenningar og þeir eiga oftast nemendur í keppnunum. En þótt þeir dæmi ekki eigin nemendur, þá dæma þeir kannski aðra út frá þeim. Þetta er ekki jafn svarthvít og ef maður færi í hundrað metra hlaup og ynni. Þá hefur maður einfaldlega átt besta tímenn. Ég hef séð margt í keppnum sem mér misbýður, en stundum vinnur líka langbesta fólkið. Ég var til dæmis mjög glaður að Elfa Rún Kristinsdóttir skyldi vinna stóru Bachkeppnina í Leipzig. Það var æðislegt. Það er gott dæmi um það góða sem getur gerst. Stundum sér maður algjört óréttlæti viðgangast. Maður þarf bara að taka því hvernig gengur. Ég held að almenningur misskilji stundum þessar keppnir - að annað hvort vinni maður og sé bestur, - eða sé bara ómögulegur. En þannig er það ekki. Í dag eru keppnirnar mjög margar og enginn verður frægur af því að sigra í keppni í dag. Þær geta hins vegar hjálpað fólki. Það sem gildir í dag er það hvernig tengslum maður nær við áheyrendur. Þess vegna hef ég blendnar tilfinningar til keppna yfirleitt. Ég held samt að þetta geti orðið gaman hvernig sem fer. Ég veit að ég get búist við ýmsu og ekkert er útilokað.“

Hverju vilt þú hafa náð á þitt vald áður en þú gengur í þína fyrstu stóru keppni?

„Maður þarf að vera kominn með stórt *repertoire*, og hafa mikla reynslu af því að spila undir álagi og stressi. Ef maður vinnur, þarf maður að vera tilbúinn til að halda fullt af tónleikum og valda því verkefni. Maður þarf að sýna ákveðni sem listamaður; ekki spila eins og við er búist af manni, heldur eins og maður sjálfur ætlar sér. Maður má ekki gangast inn á markaðssetningardæmið allt. Maður þarf að hafa stáltaugar og vera sterkur persónuleiki. En mér finnst svo gaman að spila og nýt þess. Ég verð aldrei hræddur, en stundum svolítið spenntur. Þetta er erfitt. Ég vil vera sterk manneskja bæði til að geta unnið og til að geta tapað. Það þarf styrk í hvort tveggja og hvort tveggja þarf að höndla á réttan hátt. Ég veit ekkert í hvaða keppni ég fer ég er ekki búinn að ákveða það núna. Það eina sem ég vona, er að ég haldi áfram að vaxa og þroskast, það er það sem ég vil - ég vil ekki staðna.“

Víkingur segir margt koma til þegar ég spyr hann hverju hann þakki velgengni sína til þessa. Fjölskyldan er efst á blaði og svo kennarar og fjöldi vina og vandamanna og annarra sem hafa látið sig velferð hans varða.

„Ég held ég sé fæddur undir happastjörnu og get horft til baka og sagt að ég hefði ekki viljað breyta neinu. En hæfileikar og ekki hæfileikar.... ég var aldrei neitt undrabarn og fannst ég aldrei vera neitt áberandi góður. Þetta er spurning um að maður vinni og vinni til að komast nær takmarki sínu. Það getur verið erfitt að verða stjarna og á Íslandi er það auðvelt. En ég er ekki háður álitni annarra á mér og vona að ég hafi styrk og sé meðvitaður um það hvernig sem hlutirnir fara hjá mér. Hvort sem ég nær markmiðum mínum eða ekki þá held ég að ég verði alltaf hamingjusamur, því ég sæki hamingjuna ekki í utanaðkomandi brunn, heldur í það sem er innra og skiptir raunverulegu máli í lífinu.“

Viðtalið birtist í Morgunblaðinu í styttri gerð, laugardaginn 4. nóvember 2006.